

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1976****2023/EES/62/18****frá 14. desember 2018****um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin um örugga starfrækslu svifflugna í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Í ljósi þess hvað starfræksla svifflugna er sérstök í eðli sínu þá er þörf á sérstökum rekstrarreglum, sem mælt er fyrir um í sjálfstæðri reglugerð. Þessar reglur ættu að byggjast á almennu reglunum fyrir flugrekstur, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽²⁾, en reglurnar ætti að endurskipuleggja og einfalda til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og byggist á áhættumiðaðri nálgun, á sama tíma og tryggt er að starfræksla svifflugna sé örugg.
- 3) Að því er varðar eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum ættu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 og II. viðauka hennar að gilda áfram um flugrekstur með svifflugur.
- 4) Í öryggisskyni og með það fyrir augum að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka reglugerðar (ESB) 2018/1139, þá ættu allir flugrekendur svifflugna sem falla undir þessa reglugerð, að undanskildum hönnunar- eða framleiðslufyrirtækjum sem stunda tiltekna starfsemi, að falla undir röð grunnkrafta.
- 5) Að teknu tilliti til þess að starfræksla í ábataskyni með svifflugur er í eðli sínu einfaldari en aðrar tegundir atvinnuflugs, og í ljósi áhættumiðaðrar nálgunar, er við hæfi að fyrir starfrækslu í ábataskyni með svifflugur sé einungis krafist fyrirframyfirlýsingar til lögbærs yfirvalds eins og sett er fram í a-lið í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um útgáfu slíkra yfirlýsinga.
- 6) Að teknu tilliti til sérstaks eðlis tiltekinna starfrækslu og í ljósi áhættumiðaðrar nálgunar þykir rétt að veita tiltekinni starfrækslu með svifflugur undanþágu frá kröfunni um fyrirframyfirlýsingu.
- 7) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti og til að gefa öllum viðkomandi aðilum nægjanlegan tíma til að undirbúa sig fyrir beitingu nýja fyrirkomulagsins ætti þessi reglugerð einungis að koma til framkvæmda sex mánuðum eftir gildistöku.
- 8) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit ⁽³⁾ til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) (Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.)

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

(3) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2017 frá 23. ágúst 2017 varðandi drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á rekstrarreglum fyrir svifflugur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með sviffflugur þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í I. viðauka sem og eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „svifffluga“: loftfar sem er þyngra en loft og haldist getur á flugi vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir og sem krefst ekki hreyfils meðan á frjálsu flugi stendur,
- 2) „hreyfill“: búnaður sem er notaður eða ætlaður til að knýja vélsviffflugur,
- 3) „vélsvifffluga“: svifffluga sem útbúin er með einum eða fleiri hreyflum og hefur einkenni sviffflugur þegar hreyfill/hreyflar hennar eru óstarfhæfir,
- 4) „starfræksla í ábataskyni“: hvers konar starfræksla sviffflugur, gegn greiðslu eða annars konar gjaldi, fyrir almenning eða ef starfrækslan er ekki fyrir almenning fer hún fram samkvæmt samningi milli flugrekanda og viðskiptavinar þar sem sá síðarnefndi stjórnar flugrekandanum ekki með neinum hætti,
- 5) „keppnisflug“: allur flugrekstur með sviffflugur í þeim tilgangi að taka þátt í kappflugi eða keppni, þ.m.t. æfingar fyrir slíkt flug ásamt flugi til og frá kappflugi eða keppnum,
- 6) „flugsýning“: allur flugrekstur með sviffflugur í þeim tilgangi að bjóða upp á sýningu eða skemmtun við auglýstan viðburð sem opinn er almenningi, þ.m.t. æfingar fyrir slíkt flug ásamt flugi til og frá auglýstum viðburði,
- 7) „kynnisflug“: allur flugrekstur með sviffflugur gegn greiðslu eða annars konar gjaldi sem samanstendur af stuttri flugferð í þeim tilgangi að laða að nýja nemendur eða nýja meðlimi, sem fram fer annaðhvort á vegum þjálfunarfyrirtækis sem um getur í 10 gr. a í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ⁽¹⁾ eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómsundaflug,
- 8) „listflug“: flugbragð sem framkvæmt er af ásetningu sem felur í sér skyndilega breytingu á stöðu sviffflugur, afbrigðilega stöðu eða afbrigðilega hröðun, sem ekki er nauðsynleg fyrir hefðbundið flug eða vegna kennslu fyrir skírteini, vottorð eða áritanir aðrar en áritun fyrir listflug,
- 9) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa rekstraraðila sviffflugur þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi sem um getur í þessari reglugerð fer fram,
- 10) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu sviffflugur á ábyrgð leigutaka.

3. gr.

Flugrekstur

1. Flugrekendur sviffflugna skulu starfrækja sviffflugurnar í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í II. viðauka.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki sem samræmast, eftir því sem við á, ákvæðum 8. og 9. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ⁽²⁾ og sem starfrækja svifffluguna, innan réttinda sinna, í þeim tilgangi að taka í notkun nýjar tegundir sviffflugna eða gera breytingar á tegundum sviffflugna.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningssviffflugum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

2. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 fá flugrekendur sviffflugna aðeins að stunda starfrækslu í ábataskyni eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi um hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu sviffflugna.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um eftirfarandi starfrækslu sviffflugna:

- a) starfrækslu þar sem kostnaði er skipt (e. *cost-shared operations*), að því tilskildu að beinn kostnaður við flug sviffflugunnar og hlutfallslegur árlegur kostnaður sem fellur til vegna geymslu, trygginga og viðhalds sviffflugunnar skiptist niður á einstaklingana sem eru um borð,
- b) keppnisflug eða flugsýningar, að því tilskildu að þóknunin eða annars konar greiðsla fyrir slík flug sé takmörkuð við endurheimt beins kostnaðar við flug sviffflugunnar og hlutfallslegs árlegs kostnaðar sem fellur til vegna geymslu, trygginga og viðhalds sviffflugunnar og að verðmæti verðlaunanna sé ekki meira en lögbæra yfirvaldið tilgreinir,
- c) kynnisflug, flug vegna fallhlífartökks, flugtog á sviffflugum eða listflug, sem fram fer á vegum þjálfunarfyrirtækis með aðalstarfsstöð sína í aðildarríki og sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í þeim tilgangi að kynna sport- eða tómstundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki svifffluguna á grundvelli eignarhalds eða samnings um tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins og að slíkt flug sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins,
- d) þjálfunarflug sem fer fram á vegum þjálfunarfyrirtækis með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki og sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel föstudagur, 14. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

*I. VIÐAUKI***SKILGREININGAR**

[DEF-HLUTI]

Í II. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar,
2. „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC)“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennda aðferð til að uppfylla kröfur eða tillaga um nýja aðferð til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar þar sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt neinar tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,
3. „flugstjóri“: flugmaður sem er tilnefndur sem flugstjóri og sem hefur það hlutverk að tryggja öruggt flug,
4. „flughandbók“: skjal sem inniheldur viðeigandi og samþykkt starfrækslumörk og upplýsingar um svifffluguna,
5. „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarefni og rok gjörn leysiefni, að undanskildu koffíni og tóbaki,
6. „varasömstu stig flugs“: flugtaksbrun, flugtaksflugslóð, lokaaðflug, fráflug, landing, þ.m.t. landingarbrun og önnur stig flugs sem flugstjóri ákvarðar að séu varasöm að því er varðar örugga starfrækslu sviffflugunnar,
7. „starfrækslusvæði“: svæði, annað en flugvöllur, sem flugstjóri eða flugrekandi velur fyrir landingu eða flugtak,
8. „svifffluguliði“: einstaklingur sem flugrekandi tilnefnir til að gegna skyldustörfum um borð í sviffflugu undir stjórn flugstjóra þegar hann er ekki flugstjórinn sjálfur,
9. „rafræn flugtaska (EFB)“: rafrænt upplýsingakerfi, sem samanstendur af búnaði og forritum fyrir flugliða, sem gerir kleift að geyma, uppfæra, birta og vinna úr EFB-aðgerðum til að styðja við flugrekstur eða -skyldur,
10. „hættulegur varningur“: hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu og sem er að finna í skránni yfir hættulegan varning í tæknilegu fyrirmælunum eða sem eru flokkuð í samræmi við þessi fyrirmæli,
11. „tæknileg fyrirmæli“: nýjasta gildandi útgáfa af „tæknilegum fyrirmælum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ ásamt viðbættum og hvers konar viðbótum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur birt í skjali 9284-AN/905,
12. „sérstök starfræksla sviffflugu“: öll starfræksla sviffflugu, í ábataskyni eða ekki í ábataskyni, þar sem meginmarkmið hennar tengist ekki dæmigerðri íþrótta- eða tómsundaiðkun, heldur fallhlífarstökksflugi, flugi fyrir fréttamiðla, flugi fyrir sjónvarp eða kvikmyndir, flugsýningum eða álíka sérhæfðri starfsemi,
13. „nótt“: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni. Ljósaskipti enda að kvöldi þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring og hefjast að morgni þegar miðpunktur sólar er 6° fyrir neðan sjóndeildarhring.

*II. VIÐAUKI***FLUGREKSTUR SVIFFLUGNA**

[SAO-HLUTI]

*GEN-KAFLI***ALMENNAR KRÖFUR****SAO.GEN.100 Gildissvið**

Í samræmi við 3. gr. eru í þessum kafla settar kröfur sem allir flugrekendur sviðflugna skulu uppfylla, þó ekki hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr.

SAO.GEN.105 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald skal vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar eða, ef hann hefur engar höfuðstöðvar, þar sem hann hefur staðfestu eða búsetu. Það yfirvald skal fara að kröfum 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 í samræmi við 7. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar.

SAO.GEN.110 Sýnt fram á að kröfurnar séu uppfylltar

- a) Flugrekandi skal að beiðni lögbæra yfirvaldsins, sem sannreynir að flugrekandi fari áfram að ákvæðum 2. liðar a-liðar í lið ARO.GEN.300 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, sýna fram á að farið hafi verið að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.
- b) Til að sýna fram á slíka reglufylgni getur flugrekandinn vísað til eftirfarandi aðferða:
 - 1) viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC),
 - 2) aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC).

SAO.GEN.115 Kynnisflug

Kynnisflug skal:

- a) flogið samkvæmt sjónflugsreglum að degi til og
- b) vera, með tilliti til öryggis, undir umsjón einstaklings sem er tilnefndur af fyrirtækinu sem ber ábyrgð á kynnisfluginu.

SAO.GEN.120 Tafarius viðbrögð við öryggisvandamáli

Flugrekandinn skal innleiða:

- a) öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið liðar ARO.GEN.135 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og
- b) lofthæfifyrirmæli og aðrar skyldubundnar upplýsingar sem Flugöryggisstofnunin gefur út í samræmi við h-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAO.GEN.125 Tilnefning flugstjóra

Flugrekandinn skal tilnefna flugstjóra sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

SAO.GEN.130 Ábyrgð flugstjórans

Flugstjórinn skal:

- a) bera ábyrgð á öryggi sviðflugunnar og einstaklinga sem eru um borð á meðan starfrækslu sviðflugunnar stendur,
- b) bera ábyrgð á upphafi, áframhaldi eða stöðvun flugs í öryggisskyni,
- c) sjá til þess að öllum verklagsreglum og gátlistum sé fylgt,

- d) aðeins leggja upp í flug ef hann hefur gengið úr skugga um að farið sé að öllum kröfum um starfrækslu, þ.e.:
- 1) að sviffflugan sé lofthæf,
 - 2) að sviffflugan sé skráð á viðeigandi hátt,
 - 3) að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir framkvæmd flugsins, séu uppsett í sviffflugunni og starfhæf,
 - 4) að massi sviffflugunnar og staðsetning þyngdarmiðju séu þannig að flugið geti farið fram innan þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í flughandbókinni,
 - 5) að öllum búnaði og farangri sé hlaðið á réttan hátt og festur, og að neyðarrýming sé enn möguleg, og
 - 6) að ekki verði í neinum tilvikum farið út fyrir starfrækslutakmarkanir sviffflugunnar, eins og þær eru tilgreindar í flughandbókinni, í fluginu,
- e) tryggja að fyrirflugsskoðunin hafi farið fram eins og tilgreint er í flughandbókinni,
- f) ekki gegna skyldustörfum um borð í sviffflugu við eftirfarandi aðstæður:
- 1) ef hann er óhæfur til að gegna skyldustörfum af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, veikinda, inntöku lyfja, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna, eða ef honum finnst hann vera að öðru leyti ófær um það,
 - 2) ef viðeigandi heilbrigðiskröfur eru ekki uppfylltar,
- g) neita að flytja eða setja í land fólk eða farangur sem gæti stofnað öryggi sviffflugunnar í hættu eða einstaklinga sem þar eru um borð,
- h) ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum geðvirkra efna að það geti stofnað öryggi sviffflugunnar eða einstaklinga sem þar eru um borð í hættu, sé flutt með sviffflugunni,
- i) tryggja að á varasömustu stigum flugsins, eða þegar það telst nauðsynlegt í öryggisskyni, að allir einstaklingar um borð sitji og hafi sætisólar spenntar,
- j) meðan á flugi stendur:
- 1) hafa sætisólar spenntar og
 - 2) ávallt vera við stýri sviffflugunnar, nema ef annar flugmaður er að taka við stjórninni,
- k) grípa til aðgerða í neyðartilviki sem krefst tafarlausrar ákvörðunar og aðgerðar sem flugstjórinn telur rétta miðað við aðstæður; í slíkum tilvikum er flugstjóra heimilt, eftir því sem þurfa þykir í öryggisskyni, að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuáðferðum,
- l) ekki halda flugi áfram fram hjá næsta veðurfæra flugvelli eða starfrækslusvæði þegar geta hans til að gegna skyldustörfum er verulega skert vegna veikinda, þreytu, skorts á súrefni eða annarra orsaka,
- m) skrá notkunargögn og allar bilanir í sviffflugunni, sem vitað er um eða sem grunur leikur á um að séu til staðar, í tækniflugbók loftfarsins eða leiðarflugbók þess eftir að flugi, eða röð flugferða, er lokið,
- n) tilkynna yfirvaldi öryggisrannsóknna og neyðarþjónustu í því ríki þar sem atvikið átti sér stað tafarlaust og með fljótlegustu aðferð um öll slys eða alvarleg flugatvik sem sviffflugan á þátt í,
- o) leggja skýrslu um ólöglegt athæfi tafarlaust fyrir lögbæra yfirvaldið og tilkynna staðaryfirvaldinu, sem tilnefnt er af því ríki þar sem hið ólöglega athæfi átti sér stað, um það og
- p) tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild tafarlaust um hvers kyns hættuleg veður- eða flugskilyrði sem eru líkleg til að hafa áhrif á öryggi annarra loftfara.

SAO.GEN.135 Ábyrgð svifffluguliða

- a) Allir svifffluguliðar skulu bera ábyrgð á réttari framkvæmd skyldustarfa sinna að því er varðar starfrækslu sviffflugunnar.
- b) Svifffluguliðar skulu ekki gegna skyldustörfum um borð í sviffflugu ef þeir eru óhæfir af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna meiðsla, veikinda, inntöku lyfja, þreytu eða áhrifa geðvirkra efna eða ef þeim finnst þeir vera að öðru leyti ófærir um það.

c) Sviffluguliðar skulu tilkynna flugstjóra um hvort tveggja eftirfarandi:

- 1) um hvers kyns anmarka, bilanir, ólag eða galla sem þeir telja að geti haft áhrif á lofthæfi eða örugga starfrækslu svifflugunnar, að meðtöldum neyðarkerfum,
- 2) um öll flugatvik.

SAO.GEN.140 Samræmi við lög, reglur og verklagsreglur

- a) Flugstjórinn og allir aðrir sviffluguliðar skulu fara að lögum, reglum og verklagsreglum þess aðildarríkis þar sem flugið fer fram.
- b) Flugstjórinn skal kunna skil á lögum, reglum og verklagsreglum sem lúta að framkvæmd skyldustarfa hans og mælt er fyrir um fyrir svæðin, sem fyrirhugað er að fljúga yfir, þá flugvelli eða þau starfrækslusvæði, sem fyrirhugað er að nota, og tilheyrandi flugleiðsöguvirki.

SAO.GEN.145 Handrafeindataeki

Flugstjórinn skal ekki heimila neinum um borð í svifflugunni að nota handrafeindataeki, þ.m.t. rafræna flugtösku (EFB), ef tækið hefur truflandi áhrif á nothæfi kerfa og búnaðar svifflugunnar eða getuna til að starfrækja hana.

SAO.GEN.150 Hættulegur varningur

- a) Flugstjórinn skal ekki heimila neinum um borð að flytja hættulegan varning.
- b) Leyfilegt er að flytja hæfilegt magn hluta og efna um borð í svifflugunni, sem væru annars flokkuð sem hættulegur varningur en eru notuð til að efla flugöryggi, þegar flutningur þeirra um borð er ráðlagður til að tryggja að þau séu aðgengileg í tæka tíð í rekstrarlegum tilgangi.

SAO.GEN.155 Skjöl, handbækur og upplýsingar sem skulu vera um borð

- a) Öll eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar skulu vera um borð í loftfari í hverri flugferð, í formi frumrita eða afrita:
 - 1) flughandbókin eða jafngild skjöl,
 - 2) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, ef þess er krafist í samræmi við 4. þátt viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ⁽¹⁾,
 - 3) gild og hentug flugkort fyrir svæðið sem fyrirhugað er að fljúga yfir,
 - 4) öll önnur gögn, sem geta skipt máli fyrir flugið, eða sem ríkin, sem flugið varðar, gera kröfu um,
 - 5) upplýsingar um þær verklagsreglur og þau sjónmerki sem eineltisloftför og einelt loftför notast við.
- b) Auk þess skal afrit af yfirlýsingu vera um borð í loftfari í hverri flugferð þegar yfirlýsingar er krafist í samræmi við lið SAO.DEC.100.
- c) Þegar öll eftirfarandi skjöl, handbækur og upplýsingar eru ekki um borð skulu þau vera aðgengileg á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu í formi frumrita eða afrita:
 - 1) skráningarskirteinið,
 - 2) lofthæfivottorðið, þ.m.t. viðaukarnir,
 - 3) lofthæfistaðfestingarvottorðið,
 - 4) hljóðstigsvottorðið, ef það hefur verið gefið út fyrir vélsvifflugunni,
 - 5) talstöðvarskirteini loftfarsins, ef sviffluga er búin fjarskiptabúnaði í samræmi við lið SAO.IDE.130,

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

- 6) ábyrgðartryggingarskírteini loftfarsins,
 - 7) leiðarflugbókin eða jafngildi hennar.
- d) Þrátt fyrir a- og b-lið má geyma skjölin, handbækurnar og upplýsingarnar, sem tilgreind eru þar, á flugvellinum eða starfrækslusvæðinu ef um er að ræða flug:
- 1) sem áætlað er að haldi sér í sjónmáli frá flugvellinum eða starfrækslusvæðinu, eða
 - 2) sem heldur sér innan vegalengdar eða svæðis sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.
- e) Ef lögbært yfirvald krefst þess skal flugstjórinn eða flugrekandinn gefa yfirvaldinu aðgang að frumritum skjala innan þess frests sem yfirvaldið tiltekur sem skal ekki vera minni en 24 klst.

SAO.GEN.160 Leiðarflugbók

Fyrir hvert flug, eða röð flugferða, skulu upplýsingar um svifffluguna, áhöfn hennar og hverja ferð geymdar í leiðarflugbók eða jafngildu skjali.

OP-KAFLI

VERKLAGSREGLUR Í FLUGI

SAO.OP.100 Notkun flugvalla og starfrækslusvæða

Flugstjórinn skal einungis nota flugvelli og starfrækslusvæði sem eru viðurandi fyrir hlutaðeigandi tegund sviffflugna og starfrækslu.

SAO.OP.105 Verklagsreglur um hávaðamildun — vélsviffflugur

Flugstjórinn skal taka tillit til verklagsreglna til að draga úr áhrifum hávaða vélsviffflugna en tryggja jafnframt að öryggi hafi forgang umfram hávaðamildun.

SAO.OP.110 Upplýsingar til farþega

Flugstjórinn skal tryggja að fyrir flug og, ef það á við, meðan á flugi stendur fái farþeginn upplýsingar um verklagsreglur við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum.

SAO.OP.115 Flutningur á sérstökum flokkum farþega

Flugstjórinn skal tryggja að einstaklingar, sem þarfnast sérstakra aðstæðna, aðstoðar eða búnaðar þegar þeir ferðast með sviffflugna, ferðist við aðstæður sem tryggja öryggi sviffflugunnar og einstaklinga eða eigna um borð.

SAO.OP.120 Undirbúningur flugs

Áður en flugstjóri leggur upp í flug skal hann tryggja eftirfarandi:

- a) að sú aðstaða sem nauðsynleg er til að tryggja örugga starfrækslu sviffflugunnar sé fullnægjandi fyrir viðkomandi tegund flugs,
- b) að veðurskilyrðin séu slík að hægt sé að ljúka flugi með öruggum hætti,
- c) að magn eldsneytis eða annarrar orku sé nægilegt svo hægt sé að ljúka flugi með öruggum hætti ef um er að ræða vélsviffflugna og fyrirhugað er að nota hreyfilinn.

SAO.OP.125 Eldsneytistaka og endurhleðsla eða útskipti á rafgeymum á meðan einstaklingar eru um borð — vélsviffflugna

Þegar farþegi er um borð í vélsviffflugna:

- a) skal ekki setja eldsneyti á svifffluguna og
- b) ekki endurhlaða eða skipta út rafgeymum sem notaðir eru fyrir knúningsafl sviffflugunnar.

SAO.OP.130 Reykingar um borð

Reykingar eru bannaðar um borð í svifflugum á öllum stigum flugsins.

SAO.OP.135 Veðurskilyrði

Flugstjórinn skal einungis leggja upp í flug eða halda fluginu áfram ef nýjustu fyrirliggjandi veðurupplýsingar benda til þess að til staðar sé öruggur landingarkostur.

SAO.OP.140 Ísing og önnur aðskotaefni — verklagsreglur á jörðu niðri

Flugstjórinn skal aðeins hefja flugtak ef svifflugan er laus við öll aðskotaefni, sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu eða stjórn hæfi svifflugunnar, nema innan þeirra marka sem tilgreind eru í flughandbókinni.

SAO.OP.145 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar og annarrar orku á flugi — vélsvifflugur

Þegar um er að ræða vélsvifflugur skal flugstjórinn með reglulegu millibili, á meðan flugi stendur, staðfesta að tiltækt magn nýtanlegs eldsneytis eða annarrar orku sé ekki minna en þörf er á til að tryggja örugga landingu.

SAO.OP.150 Notkun viðbótarsúrefnis

Flugstjórinn skal sjá til þess að allir einstaklingar um borði noti viðbótarsúrefni ef hann telur að skortur á súrefni í þeirri flughæð sem áætlað er að fljúga í gæti leitt til skertrar starfshæfni þeirra eða haft skaðleg áhrif á þá.

SAO.OP.155 Sérstök starfræksla svifflugum

- a) Áður en sérstök starfræksla með svifflugum hefst, eða röð slíkrar starfrækslu, skal flugstjórinn framkvæma áhættumat þar sem hann metur flækjustig starfseminnar til að ákvarða hættur og tilheyrandi áhættu, sem fylgir fyrirhugaðri starfrækslu, og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu ef nauðsyn krefur.
- b) Sérstök starfræksla svifflugum skal fara fram í samræmi við gátlista. Flugstjórinn skal, á grundvelli áhættumatsins, gera gátlistann og tryggja að hann henti fyrir sérstöku starfræksluna og sviffluguna sem er notuð, með tilliti til allra krafna sem eru settar fram í þessum viðauka. Gátlistinn skal vera vel aðgengilegur flugstjóra og öðrum svifflugulíðum í hverju flugi, þegar við á til að þeir geti sinnt skyldum sínum.
- c) Flugstjórinn skal endurskoða og uppfæra gátlistann með reglulegu millibili og þegar nauðsyn krefur, til að taka tilhlýðilegt tillit til áhættumatsins.

POL-KAFLI

TAKMARKANIR Á AFKASTAGETU OG STARFRÆKSLU**SAO.POL.100 Vigtun**

- a) Framleiðandi svifflugunnar skal annast vigtun svifflugum eða hún skal fara fram í samræmi við I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽¹⁾.
- b) Flugrekandinn skal tryggja að búið sé að ákvarða massa svifflugunnar með því að vigta hana áður en hún er tekin í notkun í fyrsta sinn. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og skrásetja á tilskilinn hátt. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar flugstjóranum. Endurvigta skal sviffluguna ef áhrif breytinga eða viðgerða á massa eru ekki þekkt.

SAO.POL.105 Afkastageta — almennt

Flugstjórinn skal aðeins starfrækja svifflugum ef afkastageta svifflugunnar uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og í samræmi við allar aðrar takmarkanir sem eiga við um flugið, loftrýmið, flugvellina eða starfrækslusvæðin sem notast er við, og jafnframt tryggja að öll kort og landabréf séu af nýjustu fyrirliggjandi útgáfu.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

*IDE-KAFLI***MÆLITÆKI, GÖGN OG BÚNAÐUR****SAO.IDE.100 Mælitæki og búnaður — almenn ákvæði**

- a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða, þegar svifflugan er skráð í þriðja landi, í samræmi við lofthæfikerfður skráningarríkisins, ef eitt af eftirtöldum skilyrðum hefur verið uppfyllt:
- 1) þau eru notuð af flugliðum til að stjórna flugslóðinni,
 - 2) þau eru notuð til að uppfylla ákvæði liðar SAO.IDE.130 eða SAO.IDE.135,
 - 3) þau eru varanlega uppsett í svifflugunni.
- b) Þrátt fyrir a-lið þarf ekki samþykki fyrir eftirfarandi tækjum eða búnaði þegar hans er krafist í þessum kafla:
- 1) vasaljósum,
 - 2) nákvæmri klukku,
 - 3) búnaði til að lifa af og merkjabúnaði.
- c) Auðvelt skal vera að starfrækja eða nálgast mælitæki og búnað frá þeim vinnureit þar sem annaðhvort flugstjórinn eða aðrir sviffluguliðar, sem þurfa að nota þau, sitja.

SAO.IDE.105 Flugmælar og flugleiðsögutæki

- a) Svifflugur skulu búnar búnaði til að mæla og sýna öll eftirfarandi atriði:
- 1) tíma í klukkustundum og mínútum,
 - 2) málþrýstingshæð,
 - 3) sýndan flughraða,
 - 4) hvað varðar vélsvifflugur: segulstefnu.
- b) Til viðbótar við a-lið skulu svifflugur, sem fljúga við skilyrði þar sem ekki er hægt að halda þeim á æskilegri flugslóð án þess að notast við eitt eða fleiri viðbótartæki, við flug í skýjum eða að nóttu til, búnar búnaði til að mæla og sýna öll eftirfarandi atriði:
- 1) stig- og fallhraða,
 - 2) horf loftfars eða beygju og skrið,
 - 3) segulstefnu.

SAO.IDE.110 Vinnuljós

Svifflugur, sem starfræktar eru að nóttu til, skulu búnar öllu eftirfarandi:

- a) blikljósakerfi,
- b) siglingaljósum,
- c) landingarljósi,
- d) ljósum, sem fá rafmagn frá rafkerfi svifflugunnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað, sem nauðsynleg eru fyrir örugga starfrækslu svifflugunnar,
- e) vasaljós fyrir vinnureit flugstjórans og alla vinnureiti sviffluguliða.

SAO.IDE.115 Viðbótarsúrefni

Svifflugur, sem eru starfræktar við aðstæður þar sem gerð er krafa um súrefnisbirgðir í samræmi við lið SAO.OP.150, skulu hafa búnað til að geyma og gefa súrefni af þeim birgðum sem gerð er krafa um.

SAO.IDE.120 Björgunar- og merkjabúnaður – flug yfir vatni eða hafi

Áður en flugstjóri sviðflugu, sem flogið er yfir hafi eða vatni, hefur flug skal hann meta hættuna á að farþegar lifi ekki af nauðlendingu á vatni. Með hliðsjón af þessari áhættu skal hann ákvarða hvort þörf er á að hafa björgunar- og merkjabúnað um borð.

SAO.IDE.125 Björgunar- og merkjabúnaður – erfiðleikar við leit og björgun

Sviðflugur sem fljúga yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar skulu búnar þeim björgunar- og merkjabúnaði sem er viðeigandi fyrir það svæði sem flogið er yfir.

SAO.IDE.130 Fjarskiptabúnaður

Sviðflugur skulu búnar fjarskiptabúnaði til að gera möguleg fjarskiptin sem krafist er skv. 4. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og, ef flogið er í loftrými þriðja lands, samkvæmt lögum þess þriðja lands.

SAO.IDE.135 Ratsjársvari

Sviðflugur skulu búnar ratsjársvara fyrir kögunarsvartarsjá sem býr yfir allri þeirri getu sem krafist er samkvæmt b-lið liðar SERA.6005 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og, ef flogið er í loftrými þriðja lands, samkvæmt lögum þess þriðja lands.

DEC-KAFLI

YFIRLÝSING

SAO.DEC.100 Yfirlýsing

- a) Í yfirlýsingunni sem um getur í 2. mgr. 3. gr. skal flugrekandinn staðfesta að hann uppfylli og muni halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í þessari reglugerð.
- b) Í yfirlýsingunni skal flugrekandinn taka fram eftirfarandi upplýsingar:
 - 1) nafn flugrekanda,
 - 2) hvar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar,
 - 3) samskiptaupplýsingar flugrekandans,
 - 4) upphafsdag starfrækslunnar og, ef við á, dagsetninguna sem breytingin á fyrirliggjandi yfirlýsingu tekur gildi,
 - 5) að því er varðar allar sviðflugur sem notaðar eru við starfrækslu í ábataskyni: tegund sviðflugu, skráningu, meginstarfsstöð, tegund starfrækslu og fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofhæfi.
- c) Flugrekandi skal, þegar hann gefur út yfirlýsingu, láta lögbæru yfirvaldi í té skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) til að sýna fram á reglufylgni þegar þess er krafist í samræmi við lið SAO.GEN.110. Skráin skal innihalda tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC).
- d) Þegar flugrekandinn gefur út yfirlýsingu skal hann nota eyðublaðið sem er að finna í viðbætinum við þennan viðauka.

SAO.DEC.105 Breytingar á yfirlýsingunni og stöðvun starfrækslu í ábataskyni

- a) Flugrekandinn skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum þessarar reglugerðar, eins og þær eru tilkynntar lögbæra yfirvaldinu, og allar breytingar að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í b-lið liðar SAO.DEC.100 og skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í c-lið liðar SAO.DEC.100, eins og þær eru skráðar í eða fylgja yfirlýsingunni.
- b) Flugrekandinn skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu þegar hann stundar ekki lengur starfrækslu sviðflugna í ábataskyni.

Viðbætur

YFIRLÝSING				
í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976				
Flugrekandi				
Heiti:				
Staður þar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar:				
Samskiptaupplýsingar:				
Starfræksla með svifflugur				
Upphafsdagur starfrækslu í ábataskyni og, ef við á, dagsetning breytingar á fyrirliggjandi starfrækslu í ábataskyni.				
Upplýsingar um svifflugur sem notaðar eru, starfrækslu í ábataskyni og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ⁽¹⁾ :				
Tegund svifflugur	Skrásetning svifflugur	Meginstarfsstöð	Tegund eða tegundir starfrækslu ⁽²⁾	Fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ⁽³⁾
Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC) með tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfumar (AMC) (sem viðauki við þessa yfirlýsingu):				
Yfirlýsingar				
<input type="checkbox"/> Flugrekandinn uppfyllir og mun halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og kröfurnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976.				
Flugrekandinn sinnir einkum starfrækslu sinni í ábataskyni í samræmi við eftirfarandi kröfur í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976:				
<input type="checkbox"/> Allar svifflugur, sem starfræktar eru, hafa lofthæfivottorð ⁽⁴⁾ sem gefið er út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.				
<input type="checkbox"/> Allir flugmenn eru handhafar skírteinis og áritana sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eins og krafist er í lið SAO.GEN.125 í II. viðauka.				
<input type="checkbox"/> Flugrekandinn mun tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort að farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1976, eins og þær eru tilkynntar lögbæra yfirvaldinu með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skráum yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í c-lið liðar SAO.DEC.100 í II. viðauka.				
<input type="checkbox"/> Flugrekandinn staðfestir að allar upplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar, eru tæmandi og réttar.				
Dagsetning, nafn og undirskrift				

(1) Fylla skal út töfluna. Ef ekki er nægilegt rými til að skrá upplýsingarnar skulu þær skráðar í sérstökum viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður.

(2) „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísar til tegundar starfrækslu svifflugur í ábataskyni.

(3) Í upplýsingum um fyrirtækið sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins skal koma fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang og tilvísunarnúmer samþykkis.

(4) Lofthæfivottorðið er venjulegt lofthæfivottorð, takmarkað lofthæfivottorð eða flugleyfi sem gefið er út í samræmi við kröfur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.